



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
Reykjavík

Tillaga dags. 15. nóvember 2017, um aukið fjármagn vegna samnings velferðarsviðs Reykjavíkurborgar við Rauða krossinn í Reykjavík um Vin - fræðslu- og batasetur.

Á fundi velferðarráðs þann 16. nóvember 2017 var lögð fram tillaga dags. 15. nóvember 2017, um aukið fjármagn vegna samnings velferðarsviðs Reykjavíkurborgar við Rauða krossinn í Reykjavík um Vin - fræðslu- og batasetur, ásamt drögum að samningi og fylgiskjölum.

Áætlaður aukinn kostnaður velferðarsviðs við rekstur Vinjar er 19,4 mkr. á ári á samningstímanum en nú þegar er gert ráð fyrir 27,7 mkr. í áætlunum sviðsins til rekstursins.

Á fundinum var samþykkt að vísa tillögunni til borgarráðs.

Þetta er hér með sent borgarráði til samþykktar.

Virðingarfyllst,


Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri



Reykjavík, 15. nóvember 2017
VEL2015010006
320. fundur
RÁ/kg/asa

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs um að aukið fjármagn, 19,4 mkr. á ári í þrjú ár, verði sett í samning við Rauða krossinn í Reykjavík vegna athvarfs fyrir fólk með fötlun í Vin, fræðslu- og batasetri.*

Sviðsstjóri velferðarsviðs leggur til gerður verði samningur til þriggja ára við Rauða krossinn í Reykjavík vegna Vinjar, fræðslu- og bataseturs með það að markmiði að tryggja að gestir Vinjar búi við öryggi er varðar þátttöku í félagsstarfi og fræðslu innan Vinjar. Kostnaður við samning um þjónustu, ef frá er talinn kostnaður við húsnæði, er áætlaður um 42 mkr. á ári á samningstímanum. Auk þess er kostnaður vegna húsnæðis sem Reykjavíkurborg leggur til um 5 mkr. á ári.

Áætlaður aukinn kostnaður velferðarsviðs við rekstur Vinjar er 19,4 mkr. á ári á samningstímanum en nú þegar er gert ráð fyrir 27,7 mkr. í áætlunum sviðsins til rekstursins.

Greinargerð:

Samningurinn tekur til sértækra þjónustuverkefna sem Rauði krossinn annast vegna þjónustu við fólk með fötlun í Vin, athvarfi fyrir fólk með geðraskanir, að Hverfisgötu 47 í Reykjavík. Vin er athvarf, fræðslu- og batasetur þar sem áhersla er lögð á notendasamráð og samstarf við aðila sem koma að batamiðaðri þjónustu fyrir fólk með geðfötlun. Um er að ræða þjónustu sem Rauði krossinn hefur veitt einstaklingum sem ekki hafa sótt aðra dagþjónustu sakir geðfötlunar. Í boði er stuðningur á grundvelli hugmyndafræði um batamiðaða þjónustu sem einstaklingurinn nýtir á eigin forsendum til að bæta lífs gæði sín.

Þjónustan sem um ræðir grundvallast á lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Rekstur og þjónusta verður undir stjórn og ábyrgð Rauða krossins í Reykjavík. Þjónusta Vinjar er mótuð af stöðugu samráði við notendur. Að jafnaði er Vin starfrækt 7 klst. hvern virkan dag og mönnun miðast við að ekki séu færri en tveir starfsmenn til staðar þegar Vin er opin.

Fylgiskjöl:

Drög að samningi milli velferðarsviðs og Rauða krossins í Reykjavík
Minnisblað um stöðu samnings um Vin, fræðslu- og batasetur sem lagt var fyrir velferðarráð 12. október 2017



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14 Reykjavík, í samningi þessum nefnt velferðarsvið, og Rauði krossinn í Reykjavík, kt. 530269-1839, Efstaleiti 9, 103 Reykjavík í samningi þessum nefndur Rauði krossinn, gera með sér svohljóðandi.

SAMNING

vegna athvarfs fyrir fólk með fötlun í Vin, fræðslu- og batasetri

1. gr.

Gildissvið

Samningur þessi tekur til sértækra þjónustuverkefna sem Rauði krossinn annast vegna þjónustu við fólk með fötlun í Vin, athvarfi fyrir fólk með geðraskanir, að Hverfisgötu 47 í Reykjavík. Um er að ræða þjónustu sem Rauði krossinn hefur veitt einstaklingum sem ekki hafa sótt aðra dagþjónustu sakir geðfötlunar. Í boði er stuðningur á grundvelli hugmyndafræði um batamiðaða þjónustu sem einstaklingurinn nýtir á eigin forsendum til að bæta lífs gæði sín.

2. gr.

Markmið

Markmið með samningi þessum er að tryggja að gestir Vinjar búi við öryggi er varðar þátttöku í félagsstarfi og fræðslu innan Vinjar. Vin er athvarf, fræðslu- og batasetur þar sem áhersla er lögð á notendasamráð og samstarf við aðila sem koma að batamiðaðri þjónustu fyrir fólk með geðfötlun.

3. gr.

Lagagrundvöllur

Þjónustan sem samið er um grundvallast á lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólk.

4. gr.

Þjónusta

Rekstur og þjónusta verður undir stjórn og ábyrgð Rauða krossins í Reykjavík og grundvallast hún á því sem tilgreint er í 1. til 3. gr. í samningi þessum. Rauði krossinn annast rekstur húsnæðisins að Hverfisgötu 47. Þjónusta Vinjar er mótuð af stöðugu samráði við notendur. Að jafnaði er Vin starfrækt 7 klst. hvern virkan dag (undantekningar s.s. ferðalög á vegum Vinjar, starfsdagar o.þ.h.). Mönnun miðast við að ekki séu færri en tveir starfsmenn til staðar þegar Vin er opin.

Velferðarsvið skipar sex manna samráðshóp, tvo frá hvorum samstarfsaðila og tvo frá gestum Vinjar. Meginverkefni samráðshópsins er að fylgjast með starfsemi og hvernig megi aðlaga starfsemi að þörfum gesta hverju sinni.

5. gr.

Fjárhæðir og greiðslutilhöggun

Kostnaður við þjónustu, ef frá er talinn kostnaður við húsnæði, er áætlaður um 42 mkr. á ári á samningstímanum. Auk þess er kostnaður vegna húsnæðis sem Reykjavíkurborg leggur til um 5 mkr. á ári.

Greiðslur skulu hefjast 1. janúar 2018 og greiðast jafnar ársfjórðungslegar greiðslur til Rauða kross Íslands 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, og 1. október árin 2018 – 2020.

Fjárhæðir eru settar fram miðað við verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018. Frá og með árinu 2019 skulu fjárhæðir breytast árlega í upphafi hvers árs í samræmi við forsendur Reykjavíkurborgar við gerð fjárhagsáætlunar. Fyrirgreindar fjárhæðir taka ekki breytingum á gildistíma samningsins til samræmis við verð- og vísitölubreytingar eins og Hagstofa Íslands reiknar þær.

6. gr.

Upplýsingagjöf og samráð

Aðilar skulu hafa með sér samráð á samningstímanum um þau verkefni sem samið er um og ber samráðshópur ábyrgð á þeim verkefnum. Hópurinn skal skila minnisblaði eða stöðumatsskýrslu um framgang verkefnisins til samningsaðila 1. maí ár hvert. Samningsaðilar geta óskað eftir stöðufundi ef þurfa þykir og geta lagt fram fyrirspurnir og ábendingar vegna framgangs verkefnisins.

7. gr.

Skýrslur, eftirlit og árangur

Rauði krossinn skal eigi síðar en 1. maí ár hvert skila velferðarsviði ársreikningi og skýrslu um starfsemi liðins árs. Ársreikningur skal innihalda sundurliðað rekstaryfirlit, þar sem kostnaður við framkvæmd samnings er aðgreindur frá öðrum kostnaði hjá þjónustusala.

Skýrsla um starfsemi liðins árs skal innihalda yfirlit yfir aldur, kyn og fjölda þeirra einstaklinga sem sækja þjónustuna. Jafnframt skal gera grein fyrir fjölda námskeiða sem haldin eru, fjölda gesta, kyn og aldur þeirra sem sækja námskeiðin og mat þátttakenda á námskeiðum.

Velferðarsviði er heimilt að gera úttekt á starfseminni hvenær sem er á samningstímanum. Rauði krossinn skal tryggja úttektaraðilum aðstöðu til úttekta og hafa milligöngu um viðtöl við notendur þjónustunnar í því skyni að afla nauðsynlegra upplýsinga í tengslum við úttektir. Auk þess skal Rauði krossinn leggja fram þau gögn sem farið er fram á af hálfu velferðarsviðs við gerð úttekta. Til viðbótar við úttektaráætlanir geta komið til úttektir vegna sérstakra aðstæðna sem upp koma.

8. gr.

Þagnarskylda og meðferð upplýsinga

Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái þar ekki aðgang. Við störf sín skuldbindur Rauði krossinn sig til að fara eftir skilyrðum um vernd persónuupplýsinga í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Samráðshópur, sjálfboðaliðar og starfsmenn Rauða krossins eru bundnir þagnarskyldu um málefni einstaklinga og undirrita sérstakan trúnaðareid þar að lútandi.

Starfsmenn og sjálfboðaliðar Rauða krossins undirrita yfirlýsingu um trúnað gagnvart skjólstæðingum.

Þagnarskylda helst þó svo að þjónustusamningi milli aðila ljúki og einnig ef starfsmenn og sjálfboðaliðar Rauða krossins láta af störfum.

9. gr.

Vanefndir og riftun

Verði uppi ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila, skulu þjónustukaupi og þjónustusali leitast við að jafna ágreining sinni.

Ef um verulegar vanefndir á efni samnings þessa er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr. Greiðslufall telst veruleg vanefnd. Verði samningi rift vegna verulegrar vanefndar eins samningsaðila, er samningurinn fallinn úr gildi í heild sinni. Lögmæt sjónarmið skulu ávallt vera skilyrði riftunar samningsaðila á samningi þessum.

10. gr.

Starfsmenn

Rauði krossinn skuldbindur sig til að hlíta ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvað varðar starfsmenn sína.

Í verkefnum þeim sem Rauði krossinn tekur að sér þjónustu samkvæmt samningi þessum ber honum að fara eftir þeim grundvallarsjónarmiðum sem sett eru fram samþykktri mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, sem og stefnu stjórnvalda í málefnum fatlaðs fólks. Rauði krossinn sinnir verkefninu í samræmi við grundvallarhugsjónir Rauða krossins um mannúð, óhlutrægni, hlutleysi, sjálfstæði, alheimshreyfingu, einingu og sjálfboðið starf.

Skuldbindingar vegna launa og réttinda starfsmanna eru alfarið á ábyrgð Rauða krossins og skal fara að lögum, almennum reglum og samningum þar um.

11. gr.

Ágreiningsmál

Rísi mál út af samningi þessum má bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

12. gr.

Framsal samnings til þriðja aðila

Samningsaðila er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

13. gr.

Breytingar og endurmat á samningi

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

Aðilar samnings þessa skulu koma saman fyrir 1. maí 2020 og fara yfir starfsemi og þróun Vinjar með hliðsjón af markmiðum samningsins.

14. gr.

Uppsögn

Uppsögn samningsins er heimil báðum samningsaðilum með fjögurra mánaða fyrirvara. Uppsögn samningsins skal vera skrifleg og skal uppsagnarfrestur hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn berst

15. gr.

Gildistími

Samningur þessi er tímabundinn og gildir frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2020.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, 2. nóvember 2017

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Rauða krossins

Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri

Þórir Guðmundsson, deildarstjóri



Skrifstofa ráðgjafarþjónustu
Vinnsla: KG/KS
Ábyrgðarmaður: Kristjana Gunnarsdóttir
Dags: 13. september 2017
GoPro nr. VEL2015010006

Lagt fyrir fund velferðarráðs 12. október 2017

Minnisblað um stöðu samnings um Vin, fræðslu – og batasetur

Forsaga:

Á 272. fundi velferðarráðs þann 15. október 2015 voru lögð fram til kynningar drög að samstarfssamningi á milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Rauða krossins um Vin, bata og fræðslusetur ásamt minnisblaði dagsett 22. september 2015.

Velferðarráð samþykkti eftirfarandi bókun:

Velferðarráð samþykkir samninginn til að hægt sé að tryggja rekstur athvarfsins Vinjar út árið 2017. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar frá árinu 2014 kemur fram að full þörf sé á sérhæfðri starfsemi þess. Velferðarráð ítrekar mikilvægi þess að áfram verði unnið að því að tryggja framtíðarstarfsemi Vinjar með starfsemi geðheilsuteymis í huga, í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Jafnframt lýsir velferðarráð yfir miklum vonbrigðum með þá ákvörðun velferðarráðuneytisins að draga stuðning sinn til Vinjar til baka á þessum tímamarki. Nauðsynlegt er að tryggja aðkomu ráðuneytisins að verkefninu á meðan endurskoðun framtíðarstarfsemi athvarfsins stendur yfir.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina lagði fram eftirfarandi bókun:

Framsókn og flugvallarvinir fagna því að velferðarsviði hafi tekist að tryggja áframhaldandi rekstur athvarfsins Vinjar út árið 2017 og að áfram verði unnið að þróun starfsins sem þar er unnið. Mikilvægt er að þrátt fyrir breyttar áherslur í geðheilbrigðismálum verði starfsemi Vinjar aðlöguð þannig að stefnunni að hún mæti áfram þjónustubörfum þeirra einstaklinga sem reglulega sækja þangað.

Vin, athvarf fyrir fólk með geðraskanir, tók til starfa í ársbyrjun 1993 í kjölfar þarfagreiningar Rauða kross Íslands sem sýndi að staða þeirra sem eiga við geðræn vandamál að stríða var mjög slæm og hefur Vin verið starfrækt allar götur síðan.

Þann 18. maí 2012 var undirritaður samstarfssamningur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, velferðarráðuneytisins, Rauða krossins og Vinafélags velunnara Vinjar og gildi hann til loka árs 2014. Á samningstímanum var hluti velferðarsviðs 26,5 mkr. auk húsnæðiskostnaðar 4,3 mkr. á ári, hluti Vinafélags Vinjar var 15.750

mkr. og velferðarráðuneytisins 20,750 m.kr. Vínafélagi Vínjar tókst ekki á samningstímanum að standa við áætlað fjárframlag sitt, sem bætt var af Rauða krossinum.

Árið 2015 var gerður nýr samstarfssamningur sem gildir út árið 2017. Með bréfi dagsettu 6. ágúst 2015 gerði Rauði krossinn grein fyrir því að hann hefði ekki í hyggju að auka hlut sinn í verkefninu frá því sem gert var ráð fyrir í samningnum frá árinu 2012 og stefndi í að hætta beinni kostnaðarþátttöku í rekstrinum á næstu árum. Í staðinn yrði áhersla lögð á félagsleg verkefni sjálfbodaliða með gestum Vínjar. Í bréfi Rauða krossins kom fram að ef Reykjavíkurborg geti ekki tryggt aukna hlutdeild sína í rekstrinum þá telji Rauði krossinn ekki lengur vera grundvöll til áframhaldandi reksturs Vínjar.

Greinargerð

Á samningstímanum hafa fulltrúar velferðarsviðs fundað með fulltrúum Rauða krossins og fulltrúa frá gestum í Vín. Á fundum hefur verið farið yfir starfsemina og möguleika á frekari þróun. Á árinu 2015 var til umræðu hvort Vín gæti þróast í átt að Bataskóla (Recovery College). Frá því var horfið m.a. eftir fræðslu og kynnisferð fulltrúa velferðarsviðs og fleiri til Bataskóla í London og Nottingham. Hins vegar var talið að hugmyndafræði Bataskóla mætti nýta í auknum mæli innan Vínjar m.a. út frá eflingu notendapátttöku í framkvæmd námskeiða. Heiti Vínjar hefur verið breytt og kallast nú Vín, fræðslu- og batasetur. Í byrjun árs 2017 var stofnaður Bataskóli Íslands í samstarfi Reykjavíkurborgar og Geðhjálp og hefur verið gott samstarf við Vín við undirbúnings skólans.

Í minnisblaði dags. 22. september 2015 sem lagt var fyrir velferðaráð þann 15. október sama ár kemur fram að óformlegar viðræður hafi átt sér stað við Heilsugæslu höfuðborgarinnar um geðheilsuteymi sem verði frekar formgerðar og vonandi með aðkomu ríkisins. Í framlögðum drögum að samstarfssamningi við Rauða krossinn er kveðið á um að þróa áfram þjónustu Vínjar m.a. með tilliti til samþættrar geðheilbrigðisþjónustu og þeirra áhersla sem velferðasvið setur sér á grundvelli nýrrar geðheilbrigðisstefnu. Með erindisbréfi dags. 1. apríl 2017 var stofnaður samráðshópur um samstarf heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og velferðarsviðs Reykjavíkur varðandi geðheilsuþjónustu til borgarbúa. Hlutverk hópsins er m.a. að gera tillögur um að koma á fót tveimur öðrum geðheilsustöðvum í Reykjavík og nágrenni. Hópurinn hefur skilað af sér skýrslu.

Meðfylgjandi er stöðumatsskýrsla forstöðumanns Vínjar frá maí 2017. Þar kemur m.a. fram að um 80% gesta eru karlar og um 90% allra gesta eru miðaldra og eldri. Gestakomur í Vín voru að meðaltali um 34 komur pr. dag á árinu 2016. Á vormánuðum 2017 hafði meðaltalið hækkað í 37 komur pr. dag. Á bak við þessar komur eru um 150 einstaklingar sem nýta sér Vín en af þeim eru um 50 mjög virkir eða með a.m.k. 10 heimsóknir í mánuði og aðrir 20 sem koma mjög reglulega. Fjöldi þeirra sem koma í mat hefur verið um 22 á dag. Skráð símtöl eru um 25 á dag en hluti

þeirra kallar á ráðgjöf og stuðning t.d. vegna þunglyndis, kvíða eða vanlíðunar. Launuð stöðugildi í Vin eru 3,5.

Fjárhagsáætlun

Á núverandi samningstíma 2015-2017 er rekstrarkostnaður við þjónustu Vinjar ef frá er talin leiga rúmar 60 mkr og um 14,5 mkr í leigu eða samtals um 75 mkr á samningstímanum.

Mkr	2015	2016	2017	Samtals
Samningur við Vin (2015 - 2017)	16,0	21,4	22,8	60,2
Húsaleiga (Hverfisgata 47)	4,7	4,8	4,9	14,4
Samtals	20,7	26,1	27,7	74,6

Frá byrjun samningstímans árið 2015 hefur hlutur velferðasviðs af rekstrarkostnði við þjónustuna hækkað um 43% eða úr 16 mkr í 22,8 mkr. Á sama tíma hefur leigan hækkað um 5%.

Í rekstrareikningi kemur fram að tekjur af Vin árið 2016 voru 36 mkr en gjöld 37 mkr. Tekjur samanstóðu af framlagi velferðasviðs samkvæmt samningi og styrkjum velferðarráðuneytisins, 4 mkr árið 2015, 5 mkr 2016 og 2,5 mkr árið 2017. Síðan hefur Rauði krossinn einnig lagt til fé vegna verkefnisins til að mæta rest af útgjöldum.

Til að hægt verði að reka Vin eins og síðustu ár þarf að koma til aukið fjármagn frá velferðasviði þar sem Rauði krossinn mun draga verulega úr sínu fjárframlagi sem verður 3 mkr 2018. Einnig ríkir óvissa um hvort velferðarráðuneytið haldi áfram að styrkja verkefnið. Ráðuneytið hefur vísað til þess að Rauði krossinn geti sótt um styrki á grundvelli styrkveitinga sem fá viðeigandi umfjöllun og meðferð. Framlag velferðarráðuneytisins er því óstöðugt og ekki tryggt frá ári til árs.

Rekstrarkostnaður	2018
Laun og launatengd gjöld	37,0
Annar rekstrarkostnaður	8,1
Húsaleiga (Hverfisgata 47)	5,0
Samtals kostnaður	50,2
Þegar gert ráð fyrir í áætlun Rauða krossins	-27,7
Áætlaður aukinn kostnaður velferðasviðs við rekstur Vinjar	-3,0
	19,4

Gert er ráð fyrir að launakostnaður 2018 verði 37 mkr og hækki frá 2017 vegna aukningu upp á 0,5 stöðugildi og verði því fjögur stöðugildi í heildina. Með viðbótar 0.5 stg. þyrfti ekki að ráða inn í sumarafleysingar og því er kostnaður við viðbótar 0,5 stg. 1.6 mkr á ári. Annar rekstrarkostnaður utan leigu verður rúmar 8 mkr og leiga 5 mkr. Reksturinn fyrir árið 2018 verður því um 50 mkr.

Rauði krossinn er tilbúinn til að reka Vin áfram og leggja 3 mkr. í reksturinn á ári. Fjárframlag Reykjavíkurborgar yrði því samkvæmt tillögu þeirra 47 mkr á ársgrundvelli. Mögulegir styrkir velferðarráðuneytisins myndu lækka framlag Reykjavíkurborgar. Í áætlun velferðarsviðs fyrir 2018 er gert ráð fyrir sama fjármagni og er í samningnum fyrir 2017 eða 27,7 mkr með leigu. Því er ljóst að auka þyrfti fjárheimildir velferðarsviðs um 19,4 mkr til að mæta auknum hluta Reykjavíkurborgar í rekstri fyrir rekstrarárið 2018 sem þýðir að velferðasvið mun taka yfir allan rekstrarkostnað og launakostnað af Rauða krossinum en ekki greiða samningsbundna fjárhæð eins og verið hefur. Allur kostnaður af rekstri fyrir utan þær 3 mkr. sem Rauði krossinn leggur til mun því færast til velferðasviðs

Samanburður á launakostnaði sambærilegra rekstrareininga hjá velferðarsviði sýnir að ef rekstur væri á höndum velferðarsviðs yrði launakostnaður vegna 3,5 stg. fastra starfsmanna minni hjá velferðarsviði. Hins vegar ber að líta á að launataxti Rauða krossins er hærri en Reykjavíkurborgar. Starfsmenn Vinjar hafa langa starfsreynslu enda er starfsmannavelta í Vin nær engin.

3,5 stg	Rauðikross Íslands	Velferðasvið
Launakostnaður	34.061.839	27.617.525

Ef rekstur Vinjar yrði á höndum velferðarsviðs er hætta á að draga yrði úr tilboðum um virkni og sunnudagsopnun þar sem sem tveir sjálfboðaliðar Rauða krossins starfa við Vin og halda úti sunnudagsopnun yfir vetrartímann. Vin nýtur auk þess ýmissa aðfanga gegnum Rauða krossinn og velunnara Vinjar. Með sama launakostnaði gæti velferðarsvið þó mannað 4 stg. í stað 3,5 stg.

Niðurstaða

Gestir Vinjar eru að stæstum hluta komnir yfir miðjan aldur og karlar eru í meirihluta gesta. Í gegnum árin hafa komið fram hugmyndir um að hægt væri að mæta þörfum gesta Vinjar í öðrum úrræðum t.d. hjá Hlutverkasetri, Hugarafli, Klúbbum Geysi eða jafnvel innan félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar. Starfsfólk Vinjar hefur með markvissum hætti kynnt önnur geðúrræði fyrir gestum og samstarf hefur verið á milli geðúrræðanna á höfuðborgarsvæðinu. Það er mat þeirra sem best til þekkja að þeir einstaklingar sem sækja Vin hafi ákveðna sérstöðu og úrræði sem leggja markvisst áherslu á virkni t.d. atvinnuþátttöku henti ekki stórum hluta gesta Vinjar. Ástæðan kanna að vera sú að gestir Vinjar hafa flestir glímt við mjög alvarlega geðsjúkdóma, eiga að baki langar eða tíðar innlagnir á Klepp í áranna rás og þurfa umhverfi sem hvetur til þátttöku og virkni en gerir ákaflega hófstillar kröfur um slíkt eða eftir þörfum hvers og eins. Eða eins og fulltrú gesta Vinjar í samráðshóp hefur sagt „*það besta við Vin er að þar er enginn þrýstingur á að gera eitthvað sem þú getur ekki en hvatning til að gera það sem þú getur*“.

Eins og fram hefur komi hefur Vin verið starfrækt frá árinu 1993 og sýna gestakomur að enn er þörf og eftirspurn eftir starfseminni. Ljóst er að velferðarsvið gæti tekið yfir rekstur Vinjar með því að lækka launakostnað. Á móti kemur að Vin hefur skapað sér ákveðinn sess í huga þeirra sem glíma við alvarlega geðsjúkdóma þar sem heimilislegt umhverfi og jákvætt viðmót starfsmanna sem starfa af hugsjón, á stóran hluta í að skapa það umhverfi í Vin sem gestum líkar. Lagt er til að velferðarsviði verði falið að ganga til samninga við Rauða krossinn um áframhaldandi rekstur Vinjar.

Fylgiskjöl:

1. Samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og Rauða krossins 2015-2017.
2. Stöðumatsskýrsla vegna samnings um athvarf fyrir fólk með fætlun í Vin og þróunarverkefni um fræðslu- og batasetur, maí 2017.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið



Rauði krossinn

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14 Reykjavík, í samningi þessum nefnt velferðarsvið, og Rauði krossinn í Reykjavík, kt. 530269-1839, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík í samningi þessum nefnt Rauði krossinn, gera með sér svohljóðandi.

SAMNING

vegna athvarfs fyrir fólk með fötlun í Vin og þróunarverkefni um fræðslu- og batasetur

1. gr.

Gildissvið

Samningur þessi tekur til sértækra þjónustuverkefna sem Rauði krossinn annast vegna þjónustu við fólk með fötlun í Vin, athvarfi fyrir fólk með geðraskanir, að Hverfisgötu 47 í Reykjavík. Um er að ræða þjónustu sem Rauði krossinn hefur veitt einstaklingum sem ekki hafa sótt aðra dagþjónustu sakir geðfötlunar. Í boði er stuðningur á grundvelli hugmyndafræði um batamiðaða þjónustu sem einstaklingurinn nýtir á eigin forsendum til að bæta lífsgæði sín.

2. gr.

Markmið

Markmið með samningi þessum er að tryggja að gestir Vinjar búi við öryggi er varðar þátttöku í félagsstarfi og fræðslu innan Vinjar. Á samningstímanum verði unnið að því festa Vin í sessi sem fræðslu- og batasetur þar sem áhersla er á notendasamráð og samstarf við aðila sem koma að batamiðaðri þjónustu fyrir fólk með geðfötlun.

3. gr.

Lagagrundvöllur

Þjónustan sem samið er um grundvallast á lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks.

4. gr.

Þjónusta

Rekstur og þjónusta verður undir stjórn og ábyrgð Rauða krossins í Reykjavík og grundvallast hún á því sem tilgreint er í 1. til 3. grein í samningi þessum. Rauði krossinn annast rekstur húsnæðisins að Hverfisgötu 47. Þjónusta Vinjar er mótuð af stöðugu samráði við notendur. Skipulag daglegs starfs s.s. opnunartími er þannig sveigjanlegur og miðast við að mæta þörfum sem flestra. Að jafnaði er opnunartími Vinjar 7 klst. hvern virkan dag (undantekningar s.s. ferðalög á vegum Vinjar, starfsdagar o.þ.h.). Mönnun miðast við að ekki séu færri en tveir starfsmenn/sjálfbóðaliðar til staðar þegar Vin er opin.

Velferðarsvið skipar sex manna samráðshóp, tvo frá hvorum samstarfsaðila og tvo frá gestum Vinjar. Meginverkefni samráðshópsins er að móta tillögur um framtíð Vinjar, þar á meðal að skoða hvort og þá hvernig megi aðlaga starfsemi að breyttum áherslum í geðheilbrigðismálum þannig að starfsemi mæti þjónustuhörfum þeirra einstaklinga sem sækja Vin reglulega. Þann 1. desember 2016 skal samstarfshópurinn leggja fram skýrslu um stöðu og þróun starfsemi Vinjar

þ G
SE

og tillögur að áframhaldandi starfi ársins 2017. Hafa skal til hliðsjónar hvernig starfsemi Vinjar fellur að þeim áherslum sem Reykjavíkurborg setur sér í þjónustu við fólk með geðfötlun.

5. gr.

Fjárhæðir og greiðslutilhöggun

Kostnaður við þjónustu, ef frá er talinn kostnaður við húsnæði, er áætlaður um 30 m.kr. á ári á samningstímanum. Auk þess er kostnaður vegna húsnæðis sem Reykjavíkurborg leggur til um 4,7 mkr. á ári.

Árið 2015 greiðir Reykjavíkurborg Rauða krossinum 16 m.kr. í tveimur greiðslum. Greiðsludagar eru 1. október og 1. desember.

Árið 2016 greiðir Reykjavíkurborg Rauða krossinum 21,375 m.kr. sem greiðast sem jafnar ársfjórðungslegar greiðslur, 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember.

Árið 2017 greiðir Reykjavíkurborg Rauða krossinum 22,8 m.kr. sem greiðast sem jafnar ársfjórðungslegar greiðslur, 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember.

Fjárhæðir skv. ákvæði 5. gr. eru settar fram miðað við verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015. Frá og með árinu 2016 skulu fjárhæðir breytast árlega í upphafi hvers árs í samræmi við forsendur Reykjavíkurborgar við gerð fjárhagsáætlunar. Fyrrgreindar fjárhæðir taka ekki breytingum á gildistíma samningsins til samræmis við verð- og vísitölubreytingar eins og Hagstofa Íslands reiknar þær.

6. gr.

Upplýsingagjöf og samráð

Aðilar skulu hafa með sér samráð á samningstímanum um þau verkefni sem samið er um og ber samráðshópur ábyrgð á þeim verkefnum. Hópurinn skal skila minnisblaði eða stöðumatsskýrslu um framgang verkefnisins til samningsaðila 1. maí ár hvert. Samningsaðilar geta óskað eftir stöðufundi ef þurfa þykir og geta lagt fram fyrirspurnir og ábendingar vegna framgangs verkefnisins.

7. gr.

Skýrslur, eftirlit og árangur

Rauði krossinn skal eigi síðar en 1. maí ár hvert skila velferðarsviði ársreikningi og skýrslu um starfsemi liðins árs. Ársreikningur skal innihalda sundurliðað rekstaryfirlit, þar sem kostnaður við framkvæmd samnings er aðgreindur frá öðrum kostnaði hjá þjónustusala.

Skýrsla um starfsemi liðins árs skal innihalda yfirlit yfir aldur, kyn og fjölda þeirra einstaklinga sem sækja þjónustuna. Jafnframt skal gera grein fyrir fjölda námskeiða sem haldin eru, fjölda, kyn og aldur þeirra sem sækja námskeiðin og mat þátttakenda á námskeiðum.

Velferðarsviði er heimilt að gera úttekt á starfseminni hvenær sem er á samningstímanum.

Rauði krossinn skal tryggja úttektaraðilum aðstöðu til úttekta og hafa milligöngu um viðtöl við notendur þjónustunnar í því skyni að afla nauðsynlegra upplýsinga í tengslum við úttektir. Auk

Þess skal Rauði krossinn leggja fram þau gögn sem farið er fram á af hálfu velferðarsviðs við gerð úttekta.

Til viðbótar við úttektaráætlanir geta komið til úttektir vegna sérstakra aðstæðna sem upp koma.

8. gr.

Þagnarskylda og meðferð upplýsinga

Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái þar ekki aðgang. Við störf sín skuldbindur Rauði krossinn sig til að hlýta skilyrðum um vernd persónuupplýsinga í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Samráðshópur, sjálfboðaliðar og starfsmenn Rauða krossins eru bundnir þagnarskyldu um málefni einstaklinga og undirrita sérstakan trúnaðareid þar að lútandi.

Starfsmenn og sjálfboðaliðar Rauða krossins undirrita yfirlýsingu um trúnað gagnvart skjólstæðingum.

Þagnarskylda helst þó svo að þjónustusamningi milli aðila ljúki og einnig ef starfsmenn og sjálfboðaliðar Rauða krossins láta af störfum.

9. gr.

Vanefndir og riftun

Verði uppi ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila, skulu þjónustukaupi og þjónustusali leitast við að jafna ágreining sinni.

Ef um verulegar vanefndir á efni samnings þessa er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr. Greiðslufall telst veruleg vanefnd. Verði samningi rift vegna verulegrar vanefndar eins samningsaðila, er samningurinn fallinn úr gildi í heild sinni. Lögsmæt sjónarmið skulu ávallt vera skilyrði riftunar samningsaðila á samningi þessum.

10. gr.

Starfsmenn

Rauði krossinn skuldbindur sig til að hlíta ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvað varðar starfsmenn sína.

Í verkefnum þeim sem Rauði krossinn tekur að sér þjónustu samkvæmt samningi þessum ber honum að fara eftir þeim grundvallarsjónarmiðum sem sett eru fram í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn þann 16. maí 2006 og endurskoðuð 7. maí 2013, sem og stefnu stjórnvalda í málefnum fatlaðs fólks. Rauði krossinn sinnir verkefninu í samræmi við grundvallarhugsjónir Rauða krossins um mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi, sjálfstæði, alheimshreyfingu, einingu og sjálfboðið starf.

Skuldbindingar vegna launa og réttinda starfsmanna eru alfarið á ábyrgð Rauða krossins og skal fara að lögum, almennum reglum og samningum þar um.

11. gr.

Ágreiningsmál

Rísi mál út af samningi þessum má bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

12. gr.

Framsal samnings til þriðja aðila

Samningsaðila er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

13. gr.

Breytingar og endurmat á samningi

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

Aðilar samnings þessa skulu koma saman fyrir 1. febrúar 2017 og fara yfir starfsemi Vinjar með hliðsjón af þeim áherslum sem þá verða í geðheilbrigðismálum.

14. gr.

Uppsögn

Uppsögn samningsins er heimil báðum samningsaðilum með fjögurra mánaða fyrirvara eftir 1. febrúar, 2017. Uppsögn samningsins skal vera skrifleg og skal uppsagnarfrestur hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn berst

15. gr.


Gildistími

Samningur þessi er tímabundinn og gildir frá . janúar 2015 til 31. desember 2017.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, 2. nóvember 2015

f.h. Reykavíkurborgar


Stefán Eiríksson, sviðsstjóri

f.h. Rauða krossins


Þórir Guðmundsson, deildarstjóri

Stöðumatsskýrsla vegna samnings um athvarf fyrir fólk með fötlun í Vin og þróunarverkefni um fræðslu- og batasetur

Starfsemin 2016

Markmið Vinjar, athvarfs Rauða krossins er að draga úr félagslegri einangrun og endurinnlögnum fólks með geðraskanir en einstaklingum með geðröskun/geðfötlun fjölgar jafnt og þétt. Hlutfall fólks með geðfötlun er um 38% alls fólks með fötlun hérlendis og hefur þeim ekki boðist fyrirbyggjandi og batamiðuð félagsleg úrræði á vegum heilbrigðiskerfisins. Samkvæmt batafræðum er mikilvægt að halda fólki í virkni og samskipum eftir þörfum hvers og eins.

Áhersluverkefni: Heildræn heilsa og heimilislegt umhverfi. Að auka lífsgæðin með stuðningi og hvatningu í daglegu lífi. Þjóða fjölbreytt úrval fræðslu og batamiðaðra viðburða. Samstarf við ýmis úrræði um bættá þjónustu. Boðið er upp á batafundi og opna geðklofafundi í viku hverri en þá sækja að meðaltali um 6 einstaklingar. Svipaða sögu er að segja af qi gong slökun og hugleiðslu en allt að 10 manns taka þátt hverju sinni og skákin dregur að vikulega 6 til 10 og jafnvel 16 til 20 manns á skákmótum.

Mjög góð þátttaka hefur verið á aðra fræðslutengda viðburði en að meðaltali hafa 17 manns sótt 6 örnámskeið sem haldin hafa verið í Vin á vorönn en haldið var kynningarnámskeið á haustönn 2016. Námskeiðin voru; Hamingjan, Bjargráðaboxið, Að segja sögu sína, Sjálfstyrking, Valdefling og Breytingar. Allir þátttakendur lýstu yfir ánægju með námskeiðin. Tvö námskeið í fjármálalæsi voru haldin sem 14 manns sóttu. Auk örnámskeiða var haldið tölvu og snjalltækjanámskeið í samvinnu við Fjölmennt haustið 2016 sem 10 manns sóttu og var einnig almenn ánægja með það fræðsluefni.

Kynjaskipting í Vin, um 80% gesta eru karlar og um 90% allra gesta eru miðaldra og eldri. Svipuð virkni er milli kynja í viðburðum og sama má segja um námskeið og fræðslu. Karlar eru nær engöngu þátttakendur í skákfélagi Vinjar.

Gestakomur í Vin voru að meðaltali um **34 pr.dag** á árinu 2016 en haustmánuðir voru áberandi fjölmennari og fór meðaltali í september, október, nóvember og desember yfir 36 pr.dag. Á vormánuðum 2017 hafði meðaltalið hækkað í **37 komur pr.dag** sem gefur til kynna að þörfin fyrir úrræðið er ekki að minnka. Á bak við þessar komur eru um **150 einstaklingar** sem nýta sér Vin en af þeim eru um 50 mjög virkir eða með amk. 10 heimsóknir í mánuði og aðrir 20 sem koma mjög reglulega en ná ekki tíu komum á mánuði.

Athygli vekur að af þeim sem mæta oftast eða 10 til 15 sinnum í mánuði hafa ekki orðið endurinnlagnir vegna geðræns vanda. Í þessu samhengi ber að taka fram að töluverð eftirfylgni er vegna gesta Vinjar og ef fastagestir láta ekki vita af „forföllum“ er hringt í þá til að heyra í þeim hljóðið og þeir hvattir til að mæta. Vegna þessa fyrirkomulags er hægt að fylgjast með hvort um endurinnlagnir er að ræða. Einnig er starfsfólk í góðu sambandi við geðteymi, vettvangsteymi og starfsfólk bæði búsetukjarna og heilsugæslustöðva en oft er þörf á aðstoð við að hafa samband við lækna og heilbrigðisstarfsfólk fyrir hönd gestanna.

Heimilislausir í Vin eru að meðaltali milli 4 og 7 daglega en flestir gestir Vinjar eru í sjálfstæðri búsetu með stuðningi frá Reykjavíkurborg.

Auk gesta Vinjar koma um 50 sjálfboðaliðar í Vin, heilbrigðisstarfsfólk úr geðgeiranum, aðstandendur, namar, stjórnámálmenn ofl.

Fjöldi máltíða hefur verið um 22 pr.dag. Skráð **símtöl** um 25 á dag en hluti þeirra kallar á ráðgjöf og stuðning t.d. vegna þunglyndis, kvíða eða vanlíðunar.

Mikil aukning hefur orðið á virkni gesta á árinu í takti við aukið framboð viðburða en um 8 manns sækja að meðaltali fundi og námskeið hverju sinni. Einna mikilvægust er þó virkinn sem felst í því að mæta og eiga samskipti og efla félagslega færni en á hverjum degi taka nær allir gestir Vinjar hverju sinni einhvern þátt í samveru af einhverju tagi.

Lykiltölur 2016

		Samt. árinu
1.	Komur í hús: að meðaltali pr.dag 34	8.253
2.	Matargestir að meðaltali pr.dag 22	4.992
3.	Þátttaka í vikulegum viðburðum, qi gong slökun, bata og geðklofafundum, húsfundum, myndlistarnámskeiði og skák; 8 til 23 einstaklingar pr. skipti	
4.	Styðjandi símtöl um 25 pr dag	6.500
5.	Þátttaka í viðburðum, mánaðarlega og sjaldnar; veitingahús, leikhúsferðum, ferðafélagsfundum og ferðalögum 18 til 30 einstaklingar pr. skipti	
6.	Þátttaka í örnámskeiðum og aðkeyptri fræðslu (8 vikna tölvu og snjalltæki, fjármálalæsi tvö skipti og eitt örnámskeið) 10 til 17 einstaklingar pr. skipti	

Hefðbundin starfsemi Vinjar 2016 var órofin utan tveggja daga í maí vegna viðhalds og starfsdags í nóvember en afar mikilvægt er að lágmarka truflun starfseminnar til að koma í veg fyrir brottfall gesta sem leitt getur til veikinda/endurinnlagna.

Sunnudagsopnun í vetur var gerleg vegna aðkomu sjálfboðaliða og erum við þeim ásamt AUS sjálfboðaliðunum afar þakklát en án sjálfboðaliðastarfsins væri ógerningur að taka á móti þeim fjölda sem sækir Vin heim. Sjálfboðaliðar hafa tekið þátt í daglegum störfum, þrífum, eldamennsku, samveru og amk þrjú þeirra hafa haldið uppi sérverkefnum ss. námskeiðum í Vin.

Í samvinnu við Fangelsismálastofnun hafa samfélagsþjórnar komið til aðstoðar við daglega starfsemi. **Virkni utan Vinjar**, auk skipulagðra menningartengdra viðburða utan Vinjar hafa gestirnir m.a. séð um skákkennslu í Hlutverkasetri vikulega, setið í undirbúningsnefnd um skipulag fyrir alþjóðlega Geðheilbrigðisdaginn og í samstarfshóp úrræðanna sem Geðhjálp stýrir og á árinu voru þrjú gestir Vinjar tilnefndir í notendahóp mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur.

Starfsfólk:

Halldóra Pálsdóttir forstöðumaður í 100 % starfi
Viðar H. Eiríksson verkefnisstjóri í 100% starfi.
Sigurveig Gestsdóttir leiðbeinandi í 100% starfi.
Ingi Hans Ágústsson leiðbeinandi í 50% starfi.

Ingibjörg Gylfadóttir, ræstingar.
Sabrina Meyns, afleysingar júní, júlí og ágúst.

Starfsemin í Vin mótast af virðingu fyrir manngildi og þörfum og færni gestanna. Að laða fram styrkleika hvers og eins og styðja þá til að ná markmiðum sínum til aukinna lífsgæða. Þetta á einnig við um hversdagslega þætti daglegs lífs s.s. skattframtöl, umsóknir ofl.

Starfsmannafundir eru haldnir vikulega þar sem starfsfólk endurmetur stöðuna og setur upp ramma verkefna, byggt á tillögum gesta, starfsfólks og sjálfboðaliða. Húsfundir eru einnig haldnir vikulega, þar sem dagskráin og aðstoð í eldhúsi er skipulögð.

Hefðbundin dagskrá samanstendur almennt af skipulagðri samveru sem felst fyrst og fremst í léttu spjalli þar sem leitast er við að ýta undir þátttöku og samkennd. Hádegisverðurinn stuðlar samþættingu holls matar og félagslegrar athafnar. Auk vikulegra geðklofafunda eru qi gong æfingar og slökun á dagskrá sem efla anda og efni. Húslestur, kúltúrferðir, gönguferðir ásamt námskeiðum, sýningum og keppnum á vegum Listaakademíu Vinjar og Vinaskákkfélagsins.

Mikil virkni tengist Vinaskákkfélaginu en auk reglubundinna skákmóta eru auk þess verið haldnir félagsfundir utan dagskár Vinjar.

Á árinu var lagt af stað með bata og fræðslufundi sem verða þróaðir áfram á árinu . Skipulagðir voru þjóðlegir viðburðir ss þorrablót, sláturgerð ofl. Mánaðarlegar ferðir á kaffihús, veitingastaði og einstöku ferðir í kvikmyndahús, leikhús og á tónleika.

Út að borða verkefnið er fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði yfir vetrarmánuðina og vekur mikla lukku meðal gesta Vinjar og þátttakan vex með hverjum mánuði og er eitt af þeim verkefnum sem hafa skilað góðum árangri við að virkja þá gesti sem erfiðast er að hreyfa.

Ferðafélagið Viðsýn sem stýrt er af gestum og starfsfólki virkjaði gesti til þátttöku með árlegri hlutaveltu, fundum og ferðalögum innanlands í margar skemmtilegar dagsferðir og þriggja daga ferð til Lissabon um miðjan maí. 19 gestir, tveir starfsmenn og einn sjálfboðaliði voru í ferðinni en þörf er á að senda fleiri með svo stóran hóp. Mikil vinna fer árlega í öflun vinninga og skipulags hlutaveltunnar og taka félagar Viðsýnar virkan þátt í starfseminni.

Stuttur annáll 2016

Í byrjun febrúar var brotist inn í Vin og olli sá atburður töluverðri röskun, m.a. á starfi sunnudagssjálfboðaliða en ákveðið var að hafa ekki opið á sunnudögum fyrr en eftir fræðslufund með sjálfboðaliðum þar sem áhersla var lögð á viðbrögð við ásókn fíkla í athvarfið. Að lokum var ákveðið að á sunnudögum yrðu dyrnar læstar og þyrftu gestir því að hringja dyrabjöllu til að komast inn. Ennfremur var tekin ákvörðun um að Vin væri ekki rétti staðurinn fyrir folk í virkri neyslu.

5.febrúar fóru 14 manns frá Vin út að borða á Íslenska barinn og 9.febr opnaði Guðmundur Brynjólfsson myndlistasýningu á akrílmýndum sínum en þó nokkir hafa gert sér sérferð hingað til að sjá verkin hans og jafnvel festa kaup á þeim. 18.febr fóru átta manns á myndlistasýningu í Hannesarholti og fimm gestir frá Vin sóttu tónleika á Kjarvalsstöðum 22. Feb.

18 manns fóru út að borða saman þann 4.mars á Pottinum og Pönnunni og þann 10.mars fóru hátt í 30 manns að sjá söngleikinn Mamma Mia í Borgarleikhúsinu. 14.mars buðu nemar MR (Herranótt) upp á sýningu í Gamla bíó á Blóðbrúðkaup og skráðu sig fimm manns á þann viðburð.

Nýr sjálfboðaliði gekk til liðs við Vinjverja í mars, það er hún spænska Raquel Salgado og er hún kærkomin viðbót við þann fjölda sjálfboðaliða sem hefur verið okkur innan handar.

Margrét Eiríksdóttir geðhjúnarfræðingur var með fræðslu fyrir okkur um miðjan mars og fjallaði hún um þá samræðu sem hægt er að eiga um geðklofa. Mikil þátttaka var enda hver og einn sérfræðingur í sínum veikindum.

Í Vin nutu 28 manns páskahátíðarmálsverðar þann 23.mars og fengum við Sigga Hall í lið með okkur en hann er okkur innan handar af og til.

Í lok mars fór forstöðumaður Vinjar, Halldóra Pálsdóttir ásamt 23 aðilum úr öðrum úrræðum, Geðhjálp, Batamiðstöðinni á Kleppi, fulltrúum frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar ofl. í skipulagða fræðsluferð til London og Nottingham í Englandi til að kynna sér svokallaða Recovery and wellbeing hugmyndafræði en Geðhjálp og Reykjavíkurborg hafa ákveðið að stofna Bataskóla í Reykjavík haustið 2017.

Þann 7. Júlí var farin dagsferð í Sólheima í Grímsnesi með leiðsögn. Ferðin var í alla staði afar velheppnuð, sem um 30 gestir tóku þátt í. Teresununnur buðu gestum Vinjar í dagsferð að Skógarfossi þann 23. júlí sem 13 "Vinverjar" þáðu.

Jón Ársæll fréttá- og þáttagerðamaður kom í heimsókn þann 27. júlí kynnti verkefni sitt, sem er þáttaröð um geðheilbrigðismál á Íslandi unnið fyrir Ríkissjónvarpið, tók myndir og viðtal við Garðar Sölva Helgason.

Guðmundur Jónas Haraldsson sjálfboðaliði og leikari var með hreyfimyndasmiðju frá því í byrjun maí og hefur töluverð virkni verið í kring um það verkefni en segja má að flestir fastagestir Vinjar hafi komið að einhverju leiti að því með einum eða öðrum hætti. Myndin "Unum" var frumsýnd í Bíó Paradís í tengslum við 10.október. Tvö námskeið í fjármálalæsi voru haldin og sóttu það 8 einstaklingar. Verkefnið "út að borða" hefst aftur í október um leið og nýtt námskeið "tölvur og snjalltæki" hefur göngu sína hér í Vin en það er á vegum Fjölmennar en um 10 manns sóttu það. Haustmót athvarfanna var haldið í Borgarnesi 19.-22.okt og var vel sótt en rúmlega 20 manns frá Dvöl, Læk, Laut og Vin sóttu mótið.

1.desember var Vin veitt viðurkenning fyrir 20 ára farsælt samstarf við EVS, evrópu unga fólksins og 5.des var jólaskákmót og yfir 50 manns í húsi.

Fimmtudaginn 8. des. fóru starfsmenn, sjálfboðaliðar og 23 gestir Vinjar í aðventuferð til Hveragerðis og Selfoss en þar var m.a.farið á Fishersafnið og ekið í skoðunarferð um bæinn. 15 manns fóru á jólahlaðborð í Húsasmiðjunni að lokinni aðventuferð.

Á aðventunni bauð hárgreiðslustofan Rauðhetta og úlfurinn gestum Vinjar upp á fría jólaklippingu sem var vel þegin. „Litlu jólin“ voru haldin þann 15. des þar sem 44 matargestir nutu þeirra veislufanga sem á borð voru bornar.

Jólahlutavelta Víðsýnar gekk vel, allir miðar seldust og dregið var 15. des.

Mikið var um dýrðir á Þorláksmessu en Siggi Hall stjórnaði skötuveislu við góðar undirtektir en hann var einnig með kalkúnaveislu í Vin 30.desember sem var einfaldlega stórkostleg og var fjöldi matargesta yfir 30 í hvort skipti.

Sunnudagsopnun sjálfboðaliða gengur vel en mikið var lagt upp úr góðu skipulagi og eru sjálfboðaliðar skráðir fram í tímann. Að sjálfsögðu var opið 26. Des og var boðið upp á kaffi og veitingar.

Báðir Aus sjálfboðaliðar Vinjar fóru í jólafrí frá 20.des, fram yfir áramót og olli það miklu álagi en Sigurbjörg Birgisdóttir og Þorsteinn Valdimarsson verkefnisstjórar Rauða krossins í Reykjavík létu undir með okkur en töliverð veikindi voru hjá starfsfólki Vinjar í desember.

Haldóra Pálsdóttir
forstöðumaður Vinjar

